

Ingvar Sigurgeirsson

„ ... hér hjálpast fólk að ...“

***Skýrsla um mat á Háskólabrúnni;
frumgreinadeild Keilis,
skólaárið 2007–2008***

Október 2008

Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

© Ingvar Sigurgeirsson

Öll réttindi áskilin

„ ... *hér hjálpast fólk að ...*“ *Skýrsla um mat á Háskólabrúnni; frumgreinadeild Keilis, skólaárið 2007–2008*

SRR Símenntun – Rannsókn – Ráðgjöf

ISBN 978-9979-793-90-8

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Samantekt: Meginniðurstöður.....	6
Um námið.....	8
Afstaða nemenda og kennara til Háskólabrúarinnar	9
Nemendahópurinn.....	9
Kennslan	11
Skipulag námsins	13
Aðstaða	14
Þjónusta.....	15
Stjórnun.....	15
Sérstaða stærðfræðinnar	15
Innra og ytra mat.....	17
Niðurstöður og tillögur	19
Tilvísanir	21

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er leitast við að taka saman yfirlit um hvernig til tókst í starfi **Háskólabrúar – frumgreinadeildar Keilis** á fyrsta starfssári deildarinnar, skólaárið 2007–2008.

Við þessa samantekt var stuðst við eftirfarandi gögn:

- Minnispunkta úr vettvangsathugunun þar sem skýrsluhöfundur fylgdist með kennslu og nemendum að starfi við sjálfstæð verkefni. Fylgst var með kennslu í fyrirlestrum og hóptímum, alls með kennslu sjö af þeim þrettán kennurum sem störfuðu við deildina.
- Formleg viðtöl við stjórnendur, hluta kennarahópsins og aðra starfsmenn þar sem leitað var upplýsinga um mat þeirra á því sem vel hefði tekist sem og á því sem betur hefði mátt fara.
- Upplýsingar úr kennslukönnunum sem lagðar voru fyrir nemendur í lok haust- og vormisseris.
- Handbækur um námið, prófreglur, kennsluáætlanir og upplýsingar af heimasíðu deildarinnar.
- Minnispunkta úr matsfundi sem haldinn var með fulltrúum nemenda í apríl.
- Símvíðtöl við úrtak nemenda að loknu námi. Alls var rætt við tíu nemendur sem valdir voru af handahófi.
- Minnispunkta sem skráðir voru í tengslum við óformlegar viðræður við nemendur, kennara, stjórnendur og annað starfsfólk. Í heimsóknnum var markvisst efnt til óformlegra viðræðna við nemendur og þeim viðhorfum sem fram komu haldið til haga.

Í þessari skýrslu er fyrst gerð grein fyrir **meginniðurstöðum** matsins. Þá er stutt lýsing á skipulagi námsins á Háskólabrú. Síðan er vikið að nemendahópnum, kennslunni, skipulagi námsins, aðstöðu, þjónustu, stjórnun, sérstöðu einnar námsgreinar og innra og ytra mati á starfi deildarinnar. Loks eru niðurstöður og tillögur.

Samantekt: Meginniðurstöður

Í heild hefur tekist vel til við skipulag og kennslu á Háskólabrúnni þetta fyrsta skólaár. Hér er um mjög þarfa starfsemi að ræða sem binda má miklar vonir við.

Við mat á starfi deildarinnar verður að hafa í huga að í námið var tekinn stór hópur nemenda með afar mismunandi bakgrunn, undirbúa þurfti námið á skömmum tíma, skipulag var að ýmsu leyti óhefðbundið, kennarar voru ráðnir sem stundakennarar (verktakar) og deildin á sínu fyrsta starfsári.

Lykillinn að góðum árangri virðist einkum liggja í því að vel tókst til um flestar kennararáðningar, stjórnendur námsins og starfsfólk fylgdist vel með og gripu inn í mál þegar á þurfti að halda, auk þess að leggja grunn að þeim viðhorfum til nemenda sem kenna má við þjónustulund, þ.e. að láta nemendur finna að þeir væru í fyrirrúmi. Þetta viðhorf virðist hafa tekist að skapa án þess að slegið væri af kröfum. Þó verður að geta þess að bæði nemendur og kennarar sem rætt var við töldu að frá þessu væru undantekningar og að of mikið hefði verið gefið eftir gagnvart nokkrum nemendum.

Nemendahópurinn náði afar vel saman og virðist m.a. mega þakka það því að sérstakar ráðstafanir voru gerðar í upphafi námsins til að hrista fólk saman, auk þess sem hópverkefni sem kennarar skipulögðu höfðu jákvæð áhrif. Jákvæð framkoma og hvatning stjórnenda og starfsfólks hefur einnig haft sína þýðingu hvað þetta varðar.

Sérstaklega vel tókst til á haustmisseri. Mat skýrsluhöfundar er að haustmisseri hafi gengið svo vel að það sé kennslufræðilega áhugavert að skoða forsendur þess til að læra af því. Kennslan var í höndum mjög góðra kennara sem voru vel undirbúnir, náðu góðum samskiptum við nemendur og beittu fjölbreyttum kennsluáðferðum. Vormisserið tókst síður, m.a. vegna mikilla kennaraskipta, breytinga á skipulagi og námskröfum. Nokkrir kennarar náðu engu að síður mjög góðum árangri og heildarárangur hlýtur að teljast mjög góður; 81% nemendahópsins sem hóf námið lauk því.

Nokkur lægð myndaðist í upphafi vorannar, m.a. vegna mikilla breytinga á kennaraliði en þegar leið á misserið urðu jákvæðir straumar aftur sterkari. Flestir nemendur voru við lok námsins mjög sáttir og telja það hafa haft mikla þýðingu fyrir sig. Þeir hafi hvort tveggja bætt við sig þekkingu og leikni, auk þess sem námið hefði styrkt þá persónulega.

Nokkur vandi tengdist því að ein námsgrein, stærðfræðin, vafðist mjög fyrir sumum nemendum og skyggði á allt annað nám og kom jafnvel beinlínis niður á því.

Við áframhaldandi þróun námsins er áriðandi að nýta þá góðu reynslu sem fengist hefur og byggja á henni. Mest er um vert að vel takist til við kennararáðningar og að vel sé hugað að því að styðja kennara í starfi. Þá skiptir miklu að halda þeirri

Þjónustulund sem höfð var að leiðarljósi á fyrsta skólaárinu og halda áfram að leggja áherslu á að byggja upp og viðhalda góðri liðsheild innan nemendahópsins.

Talsvert má bæta ytri aðstæður. Þá skiptir miklu að staðið sé við allar starfsreglur og kröfur. Það myndi skaða deildina ef hún fengi á sig það orð að auðvelt sé að komast í gegnum námið.

Um námið

Náminu á Háskólabró er ætlað að veita nemendum góðan undirbúning undir háskólanám og var námið þróað í samstarfi við Háskóla Íslands. Á skólaárinu tókst að afla viðurkenningar á náminu hjá öllum háskólum hér á landi nema Háskólanum á Bifröst.

Boðið var upp á fjórar deildir; félagsvísinda- og lagadeild, hugvísindadeild, viðskipta- og hagfræðideild og verk- og raunvísindadeild. Námið var í vetur tvær annir fyrir nemendur í félagsvísindadeild (28+28 einingar); tvær annir, auk einnar sumarlotu fyrir nemendur í viðskipta- og hagfræðideild og hugvísindadeildum (28+28+8) og þrjár annir fyrir nemendur í verk- og raunvísindum (28+30+21). Á sumarönn var kennslan lotubundin og tvær greinar kenndar í senn.

Gefin var út kennsluskrá, auk handbóka fyrir kennara og nemendur, þar sem áhersla var m.a. lögð á hópstarf, sjálfstæð verkefni, umræður og vinnubrögð til að undirbúa nemendur undir háskólanám (Keilir, 2007). Gengið var út frá því að nemendur notuðu fartölvur við nám sitt og var stuðst við kennsluumsjónarkerfi til að styðja við námið. Á haustmisseri var notað umhverfið Angel (sjá <http://www.angellearning.com/>) en á vormisseri og sumarönn við Moodle (sjá <http://moodle.org/>). Kennslan byggðist að öðru leyti á fyrirlestrum og verkefnum af ýmsu tagi, m.a. einstaklings- para- og hópverkefnum.

Á haustmisseri var skipulag með þeim hætti að hver námsgrein fékk sinn dag (íslenska var kennd á mánudögum, stærðfræði á þriðjudögum, enska á miðvikudögum o.s.frv.) og hófst hver dagur á tveimur til þremur fyrirlestrum. Í kjölfar þeirra var nemendum boðið upp á svokallaða verkefnatíma eða hóptíma og var þeim þar skipað í tólf til fimmtán manna hópa. Þessir hópar héldust allt misserið. Á vormisseri raskaðist þessi skipan þar sem nemendur hófu þá nám í mismunandi deildum.

Auk fyrirlestra og hóptíma var nemendum boðin viðbótaraðstoð af ýmsu tagi, m.a. viðbótartímar í tölvu- og upplýsingatækni og stærðfræði.

Námið hófst á kynningarviku í ágúst. Leitað var til ráðgjafarfyrtækisins Capacent um að standa fyrir dagskrá sem miðaði að því að efla kynni nemenda. Starfsmenn Capacent lögðu aftur af mörkum á vormisseri með dagskrá hluta úr degi þar sem fengist var við verkefni sem ætlað var að styrkja samstöðu hópans.

Námsmat byggðist á verkefnum og prófum. Í lokaprófum var nemendum yfirleitt heimilt að hafa með sér gögn og í sumum tilvikum einnig heimilt að nota Netið, að öðru leyti en því að samskipti voru ekki leyfð. Í leiðbeiningum til kennara var þetta meginfyrirkomulag rökstutt með svofelldum hætti:

Ástæðan fyrir því að öll gögn eru leyfð í prófi, eins og bækur, heimildir, fartölvur og glósur, er að við lítum svo á að það þjálfar nemendur í að vinna í því umhverfi sem bæði atvinnulífið og sem háskólasamfélagið hefur tileinkað sér. Prófin reyna meira á skilning og heildaryfirsýn á námsefninu en ekki páfagaukalærdóm. Þó er kennum heimilt að leggja fyrir nemendur próf án gagna til að prófa grunnatriði námsefnisins. (Keilir, 2007)

Áhersla var lögð á öfluga námsráðgjöf og var námsráðgjafi ráðinn í fullt starf. Bauð hann upp á viðtalstíma þrjá daga í viku, auk þess að vera alltaf til staðar fyrir nemendur þegar þess var óskað.

Námið var lánshæft samkvæmt reglum LÍN.

Alls hófu 105 nemendur nám í deildinni en 85 luku því. Brottfall er því aðeins um 19% sem hlýtur að teljast einstaklega góður árangur, m.a. í ljósi þess að margir í nemendahópnum voru að taka upp þráðinn aftur eftir langt hlé frá námi.

Afstaða nemenda og kennara til Háskólabrúarinnar

Í viðræðum við nemendur komu fram afar jákvæð viðhorf til námsins og þess tækifæris sem það veitti þeim:

Skólinn í heild snilld ... (nemandi á matsfundi).

... ekkert út á skólann að setja ... kennarar frábærir að öllu leyti ... veita mikinn og góðan stuðning ... gott samband við þá ... allir reyna að gera sitt besta ... í heild er fyrirkomulag námsins gott ... (nemandi í óformlegu viðtali).

Í símaviðtölum við nemendur, þegar náminu var lokið, komu m.a. fram þessi viðhorf:

Mjög jákvæð viðhorf ... ótrúleg reynsla ... afar glöð með námið ... góð uppbygging ... góðir kennarar ... vel haldið utan um mál ... Sjálfstraustið alveg í botni eftir þetta ár.

... Fólkið sem stendur að deildinni á mikið hrós skilið ... Reyndi eins og það gat ... Er mjög ánægð ...

Kennarar voru einnig mjög jákvæðir eins og sjá má af þeim viðhorfum sem fram komu í viðtölum við þá:

Hugmyndin mjög góð ... flott konsept ... hefur hleypt lífi í svæðið ... almenn tiltrú á verkefni ... hefur gengið mjög vel ...

Mikilvægt að fólk fái tækifæri til að fara aftur í skóla ... þessi hugsun á fullkomlega rétt á sér ...

Þetta er ekki afsláttarnám ... Fólkið búið að vinna fyrir því sem það fékk ... eru með gögn í prófinu ... voru ekki að fara létt út úr þessu ...

Nemendahópurinn

Óhætt er að fullyrða að nemendahópurinn var innbyrðis afar ólíkur og nemendur misvel undir námið búnir. Elstu nemendur voru nálægt sextugu en þeir yngstu rúmlega tvítugir. Undirbúningur nemenda var afar ólíkur. Sumir höfðu langt nám að baki, aðrir mun minna. Talsverður hópur hafði lokið iðnnámi og nokkrir höfðu reynslu af eigin rekstri.

Afar áhugavert var að fylgjast með því hvernig sjálfstraust nemenda jókst eftir því sem leið á námið. Sem dæmi má nefna nemendur sem varla gátu opnað tölvu um haustið en

sýndu mikla tölvufærni þegar leið á skólaárið. Tölvukennslan var góð, nemendur fengu aukalega einstaklingsmiðaða leiðsögn (kennslustjóri og kerfisstjóri tóku nemendur í hóp- og einkatíma) og eins var jafningjastuðningur mikill – nemendur kenndu hver öðrum.

Þessi jafningjastuðningur var óvenjulega mikill og skiptir áreiðanlega máli um það hvernig til tókst. Þetta jákvæða andrúmsloft var nefnt aftur og aftur í óformlegum viðræðum við nemendur:

... góð stemming er í hópnum ... mikil samkennd hefur myndast ... hér hjálpast fólk að ... sem dæmi má nefna að erfiðleikar voru í stærðfræðinni í síðustu viku ... þá tóku þeir sem best hafa staðið sig í stærðfræði sig til og leiðbeindu hinum ... við settum upp vinnustofur hérna ...

... almennt gengur vel ... þetta er vissulega erfitt, en allt á réttri leið ... mikil hópvinna ... mikil samhjálp...

... hópeflið í byrjun skipti miklu ...

Fram kom hjá mörgum að sú dagskrá sem efnt var til í byrjun námsins hafi haft góð áhrif en einnig höfðu hópverkefni sem kennarar skipulögðu í tengslum við námið sitt að segja. Margir kennarar lögðu áherslu á raunveruleg verkefni sem reyndu á samvinnu og lausnaleit. Þetta mátti vel sjá þegar komið var í heimsókn og hvarvetna mátti sjá hópa að störfum eða nemendur að aðstoða hvern annan. Einnig er líklegt að ytri aðstæður hafi haft nokkuð að segja, sem og góð samskipti við kennara og annað starfsfólk og er skrifstofufólk þar ekki undanskilið. Loks má nefna að fundir stjórnenda með nemendum þar sem þeir stöppuðu í þá stálinu, höfðu mjög jákvæð áhrif allan tímann. Margir nemendur sem rætt var við höfðu á orði að þetta hefði skipt miklu máli.

Áhugavert er að andinn innan hópsins eflist þegar leið á haustmisserið og hápunktur jafningjastuðningsins var kennsla sem nemendur skipulögðu sjálfir fyrir þá skólafélaga sína sem þurftu að endurtaka próf. Nokkrir þeirra sem náð höfðu góðum árangri kenndu hinum, jafnvel eftir stundatöflu.

Sá góði andi sem skapaðist á haustmisserinu beið nokkra hnekki í upphafi vorannar. Segja má að allt hafi lagst á eitt. Nemendur hittu fyrir nýja kennara í flestum greinum og nokkrir stóðu ekki undir væntingum þeirra. Hafa verður í huga að nemendur voru flestir mjög ánægðir með kennsluna á haustmisserinu, voru búnir að ná góðu sambandi við kennarana og þekktu orðið vel vinnubrögð þeirra og kröfur. Nú bættust við nýjar námsgreinar og vinnubrögð og kröfur breyttust. Þetta skapaði óöryggi. Talsvert var um veikindi í upphafi misseris og kann það að hafa haft einhver áhrif. Nokkrar breytingar urðu á stundatöflu og í nokkrum greinum þurftu nemendur að sækja tíma annað. Þá skapaðist nokkur titringur þegar einhverjir nemendur breiddu út áhyggjur um að háskólarnir myndu ekki viðurkenna námið.

Nemendur virðast ekki hafa verið vel undir umskipti búnir eins og sjá má af þessum viðhorfum sem fram komu í óformlegum viðræðum við nokkra þeirra í mars:

... vantaði að taka á móti okkur eftir áramót ... eins og hrundi ... hefði ekki þurft mikið ...stjórnendur hefðu átt að taka á móti okkur ... brúa bilið ... margir hafa talað um þetta ... allt svo þungt yfir þegar við byrjuðum ...

Í apríl höfðu nemendur m.a. þetta að segja:

... uppskipting eftir brautum kom of snögg ... við vorum eins og komin á byrjunarreit aftur ... misstum rosalega góða kennara ... við vorum lengi að ná okkur ... kennaramir nú ekki eins góðir ... nokkrir samt finir ...

Nokkrir nemendur voru mjög neikvæðir og smitaði það út frá sér þó hópurinn væri ekki stór. Á matsfundi í apríl kenndu sumir nemendur andrúmsloftið í upphafi misseris við *múgæsingu*.


- Múgæsingur – ákveðnir nemendur hafa dregið niður móralinn, sumir vilja ekki mæta út af þeim
- Of mikill tími í kvart – það skemmir verkefnatímana
- Ákveðnir aðilar hafa fengið að vaða uppi – yfirvöld hefðu átt að taka miklu harðar á þessu, skaðar kennslu og nemendur – einelti
- Neikvæðir samnemendur – eyðileggja tíma og umhverfi

Ástandið batnaði þegar á leið. Nemendur vöndust nýjum kröfum og gerðar voru ýmsar ráðstafanir sem höfðu jákvæð áhrif. Aftur var leitað til Capacent um að hrista hópinn saman og virðist það hafa skilað góðum árangri. Þá leitust stjórnendur við að stappa stálinu í nemendur.

Áriðandi er að starfsfólk hugi að þessum skilum og reyni að koma í veg fyrir að svo skörp umskipti verði á milli missera. Eðlilegt er að nemendur finni fyrir einhverjum breytingum en ljóst er að þær miklu breytingar sem urðu um áramót á þessu fyrsta starfsári sköðuðu námið.

Kennslan

Í heild gekk kennslan vel, afbragðsvel á haustmisseri en misvel á vormisseri. Þessi munur sést vel þegar bornar eru saman niðurstöður kennslukannana á haust- og vormisseri:



Mynd 1 Svör nemenda við spurningu um heildarmat á námskeiðum á haust- og vormisseri

Áríðandi er að hafa í huga við þennan samanburð að heimtur á svörum fyrir vormisseri voru mjög slakar en góðar á haustmisseri. Skýrsluhöfundur hefur þó undir höndum önnur gögn frá nemendum sem benda til þess að þessar niðurstöður séu nærri lagi.

Sérstakur vandi skapaðist, eins og fram hefur komið, vegna mikilla kennaraskipta um áramót. Nemendur voru flestir mjög sáttir við alla kennara á haustmisseri, töldu skipulag þeirra gott og kennarana áhugasama um kennsluna. Þetta má vel sjá af umsögnum þeirra (birt eru svör um alla kennara sem kenndu á haustmisseri):

... dásamlegur kennari sem getur fengið verstu fylupúka (t.d. mig) til að hafa áhuga ... ætti að fá ríflegan jólabónus.

... einkar gefandi og góður kennari.

... hefur sýnt nemendum mikla þolinmæði og skilning ... leggur sig allan fram svo nemandinn skilji efnið. Á ekkert nema hrós skilið.

Skemmtilegir og lifandi tímar. Heitar umræður með kennara sem er klár og með bein í nefinu.

... einn sá besti kennari sem ég hef kynnst á allri minni skólagöngu.

... er alveg ofboðslega þægileg(-ur) að tala við og hjálpaði það mér mikið því að ég var mjög óörugg(ur) í byrjun vetrar ... fylgist vel með nemendunum og hvetur þá áfram ... á hrós skilið fyrir það.

Aðeins tveir þessara kennara héldu áfram kennslu á vormisseri. Kennarahópurinn sem tók við nemendum í upphafi vorannar var því að mestu leyti nýr og líklega ekki eins vel innstilltur gagnvart þeirri hugmyndafræði sem lagt var upp með, þ.e. að líta á kennsluna sem þjónustu við nemendur og að sýna því skilning að nemendahópurinn var um margt sérstakur.

Kennslan á vormisseri og sumarönn náði ekki sömu hæðum og á haustmisserinu. Nokkrir kennarar fengu þó mjög góðan vitnisburð nemenda. Þeir höfðu á orði að þessir kennarar væru svo góðir að þeir hefðu breytt viðhorfum þeirra til námsgreinanna; nemendur sem höfðu engan áhuga í upphafi námskeiðanna fengu brennandi áhuga!

Aðrir kennarar fengu lakari einkunn eins og sjá má af þessum athugasemdum sem gerðar voru á matsfundi:

- Það er ekki hlutastarf hér að vera kennari – óskipulagt hjá sumum kennurum.
- Kennarar illa undirbúnir og hafa sagt okkur að þeir séu bara í þessu í hlutastarfi.
- Vantar að verkefni á vorönn séu dreifð eins og á haustönn.
- Munurinn á önnum alltof mikill.

Nokkur óánægja var með skipulag, námsefni og kennslu í ensku á vormisseri og nokkrir nemendur voru mjög óánægðir með kennslu í stærðfræði, einkum að hún væri ekki næg (sjá síðar). Þá var talsverð óánægja með íslenskukennslu í upphafi haustmisseris og á vormisseri.

Við mat á kennslunni verður að hafa í huga að um stundakennslu var að ræða. Flestum kennaranna kom á óvart hversu mikil vinna þessi kennsla reyndist, ekki síst samskipti við nemendur utan kennslustunda (einkum á Netinu).

Þetta hefur verið svo miklu meira álag fyrir mig sem kennara en ég gerði mér grein fyrir. Það fóru í þetta mörg kvöld í viku og allar helgar allan þennan tíma í stanslausu vinnu ... (viðtal við kennara).

Maður er á vaktinni allan sólarhringinn (viðtal við kennara).

Þá kom fram hjá nokkrum kennaranna að kennsludagurinn hefði oft verið mjög erfiður („*allt of mikið álag*“).

Enda þótt viðhorf kennaranna til deildarinnar, stjórnenda hennar og starfsmanna væru í heild jákvæð kom fram sú skoðun að þeir hefðu stundum verið dálítið einir á báti. Kallað var eftir nánara samráði (samræðum, fundum, vinnudögum). Þá kom fram sú skoðun að oftar mætti leita álits kennaranna á hugmyndum um fyrirkomulag og þróun námsins. Leitast var við að koma meiri reglu á samskipti við kennara á vormisserinu – en herslumun virðist hafa vantað á að það skilaði þeim árangri sem vænst var.

Í þessu sambandi má vekja athygli á því að hér skiptir áreiðanlega máli að kennararnir eru bæði stundakennarar og verktakar. Í því felst að mati þess er þetta ritar sú hætta að þeir verði laustengdari stofnuninni en ella væri. Á vormisseri var kennslan aukastarf flestra kennaranna. Í þessu ljósi verða öll samskipti við kennara, bæði formleg og óformleg, sérlega mikilvæg. Svo vísað sé til orða eins kennarans: „*Þau hrósa mér og ég veit að þau vita að ég er að vinna gott starf – en það væri samt gaman að fá oftar klapp á bakið – þó ég sé verktaki.*“ Dæmi voru um mjög neikvæð viðhorf til verktakavinnu hjá kennurum („*Maður er algerlega réttindalaus*“).

Skipulag námsins

Skipulagi námsins var lýst hér að framan. Fyrirkomulag á haustmisseri gafst að mörgu leyti vel og nemendur ánægðir með það. Ljóst er að það að geta einbeitt sér að einni námsgrein á hverjum degi hefur augljósa kosti, auk þess sem það auðveldar kennararáðningar. Flestir voru þó sammála um að lotukerfi myndi henta þessu námi betur. Þetta bar oft á góma í viðræðum við stjórnendur, kennara og nemendur. Augljós kostur er ef hægt er að gera nemendum kleift að einbeita sér að færri viðfangsefnum í einu, og þar með af meira afli, en að vera á sama tíma með mörg ólík verkefni í takinu. Vegna kennararáðninga gæti orðið örðugt að koma slíkri skipan á. Engu að síður má hafa það að leiðarljósi að fara í þessa átt eftir því sem unnt er.

Í viðræðum við nemendur að námi loknu kom skýrt fram að þess hefðu vissulega sést merki að skipulag námsins hefði verið í mótun – en stjórnendur og starfsmenn hefðu verið boðnir og búnir að koma sem best til móts við nemendur. Þess vegna fengi námið í heild góða einkunn.

Aðstaða

Kennslan fór að mestu fram í húsakynnum Háskólabrúarinnar á Vallarheiði, annars vegar í fyrirlestrasal og hins vegar í tveimur litlum kennslustofum.

Gangar og stórt opið rými var notað sem aðstaða til hópvinnu. Nýttist það rými afar vel og voru flestir nemendur ánægðir með þá aðstöðu (... *Aðgengi gott, hægt að koma á kvöldin og á laugardögum stór plús* ...). Í viðræðum við úrtak nemenda að námi loknu kom þó í ljós það viðhorf að þessi aðstaða hefði mátt vera betri.

Aðstaða í fyrirlestrasal var um margt erfið. Hljóðkerfið virkaði illa; í því var gjallandi sem virkaði truflandi. Þá voru vandkvæði tengd því að spurningar eða athugasemdir nemenda heyrðust illa. Þetta leiddi til þess að margir nemendur hættu að taka þátt í kennslunni. Þá kvörtuðu nemendur oft yfir því að kalt væri í salnum.

... fyrirlestrasalur skólans hentar ekki – fæ bara hausverk ... (nemandi í óformlegu viðtali).

Ekki var hægt að myrkva sem var bagalegt þegar sýna átti kvikmyndir. Þær nutu sín engan veginn.

Þá truflaði oft kennslu í fyrirlestrasal þegar nemendur voru að koma of seint:

... það truflar þegar nemendur eru að koma of seint ... þegar fyrirlestrar eru byrjaðir ... þeir sem koma of seint ættu að bíða ... ekki að koma inn og trufla ... fólk er að mæta of seint í tímana ... (nemandi í óformlegu viðtali).

Í áfangaskýrslu var mælt með því að strangar yrði tekið á þessu eða að taka upp þá reglu að þeir sem kæmu of seint tækju sér sæti aftast. Þessi ábending er áréttuð.

Á vormisseri versnaði mæting nemenda í fyrirlestra. Ekki fengust viðhlítandi skýringar en nefna má þetta viðhorf sem fram kom í óformlegum viðræðum við nokkra nemendur í apríl:

... skiljum ekki hvers vegna mætingar eru svona lakar ... mæting betri fyrir áramót ... slitrótt í fyrirlestra ... eftir áramót ... leiðinlegur salur ... hljóðkerfið ... bergmál ... kuldi ... (nemandi í óformlegu viðtali).

Í litlu kennslustofunum er ágæt aðstaða. Uppröðun var oftast höfð með hefðbundnu sniði (nemendur sátu í röðum gegnt kennara). Ráðgjafi hefur eindregið mælt með því að breyta uppröðuninni og raða borðum í skeifu. Slík uppröðun hefur m.a. þá kosti að nemendur geta horfst í augu, sem stuðlar að umræðum, kennari kemst nær nemendum, auðvelt er að dreifa gögnum og skipuleggja samræður og vinnu í litlum hópum.

Kennarar voru misduglegir við að nýta sér kennsluumsjónarkerfin. Sumir stóðu sig afkaplega vel í þessu en aðrir voru ekki eins markvissir:

Kennararnir þurfa að bæta skipulagið í Angel ... og samræma framsetningu sína ... einn kennari setur hlutina skilmerkilega upp ... allt mjög sjáanlegt ... sýnilegt hjá henni ... (nemandi í óformlegu viðtali).

Þjónusta

Nemendur gáfu starfsfólki Keilis afar góðan vitnisburð eins og m.a. má sjá af þessum ábendingum sem fram komu á matsfundi:

- Gott aðgengi að skrifstofu
- Skrifstofa frábær

Í viðræðum við starfsfólk og nemendur kom fram að námsráðgjöf hefði verið öflug og nýst nemendum vel, einkum þeim nemendum sem stóðu höllum fæti á einhverju sviði. Þá skiptir máli að námsráðgjafi og kennslustjóri voru iðnir við að setja kennara inn í mál þeirra nemenda sem þurftu á sérstökum stuðningi að halda.

Hér eru dæmi um viðhorf til námsráðgjafa sem fram komu á matsfundi í apríl:

- Námsráðgjafi frábær
- Námsráðgjafinn hefur verið okkar klettur

Stjórnun

Mat nemenda og flestra kennara var að vel hefði verið haldið utan um námið. Kennarar nefndu m.a. þær leiðbeiningar sem búnar voru til um umgjörð námsins, fyrirkomulag og kröfur og að stjórnendur hefðu verið styðjandi og hvetjandi og leyst greiðlega úr öllum erindum. Kennslustjóri hefði leyst öll sín viðfangsefni vel og forstöðumaður verið hvetjandi og uppörvandi.

... það góða fólk sem vinnur hjá Keili – þau eru fyrst og fremst svo mikið öll af vilja gerð – það er svo mikilvægt ... (kennari í viðtali).

Margir nemendur höfðu á orði að stjórnendur ættu hrós skilið fyrir það hversu fljótt þeir brugðust við ábendingum nemenda.

Stjórnendur og annað starfsfólk Keilis hafði skrifstofur í opnu rými og hefur það áreiðanlega haft sitt að segja, auk þess sem starfsfólkið allt leit á sig sem þjónustuaðila. Þá kostuðu stjórnendur kapps um að blanda óformlega geði við nemendur í námshléum og í hádegi, svo dæmi sé tekið.

Sú litla gagnrýni sem fram kom beindist helst að því að reglum og ákvörðunum hefði ekki alltaf verið nægilega vel fylgt eftir. Nokkrir, bæði kennarar og nemendur sem við var rætt, höfðu á orði að stundum hefði verið gefið of mikið eftir gagnvart tilteknum nemendum sem ekki voru að standa sig sem skyldi í náminu. Þá fannst sumum kennurum að ekki hefði verið skýrt hvort þeir eða aðrir starfsmenn skólans hefðu átt að taka á slæmum mætingum.

Sérstaða stærðfræðinnar

Stærðfræðin hafði talsverða sérstöðu meðal þeirra námsgreina sem kenndar voru á **Háskólabrúnni**. Hún veitist stórum hópi nemenda mjög erfið, svo erfið að það virtist

skyggja á nám í öðrum greinum. Stór hluti undirbúningstíma nokkurs hóps nemenda fór í að glíma við stærðfræðina og urðu aðrar greinar að sitja á hakanum.

- Mikill tími fer í að reikna og því get ég ekki lagt mig fram í öðrum fögum (nemandi á matsfundi).
- Stærðfræðin ... svívirðilegur tími sem fer í hana (nemandi á matsfundi).
- Stærðfræðin var rosa þungur biti ... stærðfræði á félagsvísindabraut ... allt of þungur biti á svona stuttum tíma ... 15 einingar út í Hróa ... hefði viljað leggja meiri vinnu í önnur fög ... (nemandi í viðtali að náminu loknu).


Þessar áhyggjur nemenda koma vel fram á minnisblaði sem skýrsluhöfundur færði eftir heimsókn í skólann í apríl:

...átti ... samræður við tvo hópa nemenda sem voru að vinna frammi á gangi. Talsverður hiti var í nemendum gagnvart stærðfræði og eðlisfræði. Nemendur lögðu mikla áherslu á mikilvægi þess að fá meiri kennslu í þessum greinum: ... fáum minni kennslu en nemendur í öðrum skólum ... höfum kannað það ... fáum aðeins klukkutíma á viku ... erum að kaupa okkur aukatíma ... erum tíu saman ... borgum þúsund krónur fyrir skiptið ... gengur vel ... ætlum okkur í verkfræði ... það þarf að fjölga tímum í stærðfræði ... aukatímarnir sem þau bjóða upp á eru ekki að nýtast okkur ...

Nemendur sögðust vera búnir að ræða þetta við stjórnendur: ... þau segja þetta svipað og á Bifröst ... kennslan er fín en við komumst ekki yfir efnið ... ef t.d. þrjú viðfangsefni eru í kaflanum komumst við yfir eitt í tímanum ... ef við ætlum að tileinka okkur efnið þurfum við að leggja heilmikið á okkur sjálf utan kennslustunda og kaupa okkur kennslu ...

Nokkrir nemendur töldu æskilegt að getuskipta hópnunum í ensku og stærðfræði.

Þetta álag sem stærðfræðin veldur má vel sjá af svörum nemenda við kennslukönnunum á haustmisseri. Þar voru þeir m.a. spurðir um vinnu sína á viku vegna námskeiðsins, utan kennslustunda. Mynd 2 sýnir hlutfall þeirra nemenda sem segjast verja meira en níu klukkustundum eða meira í viðkomandi námskeið:



Mynd 2 Hlutfall þeirra nemenda sem segjast verja meira en níu klukkustundum á viku til námskeiðsins utan kennslustunda.

Eins og sjá má er stærðfræðin sér á báti og tekur augljóslega langmestan tíma nemenda.

Stjórnendur námsins höfðu gert ýmsar ráðstafanir til að koma betur til móts við nemendur. Þeim var m.a. boðið upp á viðbótartíma en þeir virðast af einhverjum ástæðum ekki hafa nýst sem skyldi. Í viðræðum við nemendur að loknu náminu nefndu margir að enn betur þyrfti að gera í stærðfræðinni.

Þá hlýtur að koma til álita að skipa stærðfræðinni með öðrum hætti. Nefna má endurskoðun á inntaki greinarinnar eða að dreifa henni jafnar yfir skólaárið. Þá komu fram hugmyndir frá nemendum um að skipta stærðfræðinni í áfanga og ljúka hverjum áfanga með lokamati.

Leit að betri lausnum vegna stærðfræðinnar er augljóslega eitt helsta úrlausnarefni í skipulagi námsins á **Háskólabrúnni**.

Innra og ytra mat

Enda þótt ekki hafi verið þróað formlegt gæðakerfi fyrir deildina var margvíslegum aðferðum beitt við að auka gæði kennslunnar. Sem dæmi má nefna:

- Gefnar voru út góðar leiðbeiningar um námið fyrir kennara og nemendur.
- Reglulegir fundir voru haldnir með kennurum.
- Netíð (kennslukerfin, tölvupóstur, heimasíða námsins) var nýtt til að miðla upplýsingum um námið.
- Kennslukannanir voru lagðar fyrir í lok missera. Þátttaka í könnunum vegna námskeiða á haustmisseri var góð en mjög lítil á vormisseri en þá tók aðeins um þriðjungur nemenda þátt í könnunum.
- Matsfundur var haldinn með fulltrúum nemenda í apríl þar sem þeir gerðu grein fyrir þeim þáttum sem þeir voru ánægðir með og því sem betur mátti fara.
- Námsráðgjafi og kennslustjóri nýttu upplýsingar úr viðtölum við nemendur til að bæta nám og aðra þjónustu.
- Fundir voru haldnir með nemendum þar sem farið var yfir mál, spurningum svarað og nemendur hvattir til að leggja sig fram.
- Skýrsluhöfundur fylgdist með kennslu og skilaði stjórnendum minnisblöðum um þætti sem virtust koma vel út, sem og um það sem betur sýndist mega fara. Í janúar var áfangaskýrslu skilað til deildarinnar. (Ingvar Sigurgeirsson, 2008)

Skýrsluhöfundur leggur áherslu á eftirfarandi þætti í innra og ytra mati:

- Áfram verði haldið að þróa leiðbeiningar um námið fyrir kennara og nemendur. Leiðbeiningar fyrir kennara eru sérlega mikilvægar í ljósi þess að þeir eru flestir stundakennarar.
- Matsfundur verði haldnir með úrtaki nemenda á hverju misseri (um miðbik misseris).
- Leitast verði við að tryggja a.m.k. 80% þátttöku í kennslukönnunum og þær nýttar með markvissum hætti til að bæta námið.

- Kennslustjóri eigi formleg viðtöl við alla kennara, a.m.k. einu sinni á misseri.

Niðurstöður og tillögur

Skýrsluhöfundur telur að **Háskólabrúin** sé þarft og vandað námstilboð. Hrósvert er að nýta aðstöðuna á Keflavíkurflugvelli til að koma til móts við fólk sem hætt hefur námi og styðja það við að taka þráðinn upp aftur. Sá kraftur, metnaður og þjónustulund sem skýrsluhöfundur hefur orðið vitni að er til fyrirmyndar og eftirbreytni. Fróðlegt væri ef einhver tæki sig til og reiknaði hverju það skilar þjóðarbúinu að greiða leið svo stórs hóps fólks með mikla starfsreynslu í háskólanám, að ekki sé minnst á þegar mörgum þeirra hefur í glímu sinni við námið tekist að byggja upp verulegt sjálfstraust. Svo vitnað sé til orða eins nemanda í viðtali að námi loknu: „*Sjálfstraustið hefur aukist gríðarlega.*“

Einn stjórnandi námsins lýsti hugmyndafræðinni að baki deildinni með svofelldum orðum: „... *grundvallaratriði er að við erum að taka við fullorðnu fólki. Við erum að byggja upp sjálfstraust þess til þess að lífsreynslan og þroskinn fái að njóta sín.*“ Og einn kennaranna orðaði þetta svo: „*Við erum ekki hérna bara til að kenna þeim, heldur líka til að byggja þau upp.*“

Langflestir nemendur sem luku náminu hyggja á frekara nám við innlenda eða erlenda háskóla. Þeir hafa m.a. innritað sig í verkfræði, tölvunarfræði, stærðfræði, ensku, íslensku, rússnesku, kennslufræði, lögfræði, viðskiptafræði, félagsfræði, félagsráðgjöf, sálfræði, frumkvöðlafræði, bókmenntafræði og sagnfræði, svo að nokkur dæmi séu tekin.

Miklu varðar að varðveita þá styrkleika sem tekist hefur að byggja upp. Má nefna vandaða stjórnun, hátt þjónustustig, sveigjanleika og stöðuga viðleitni til að bæta námið og koma betur til móts við nemendur. Um leið er rétt að áréttta að í þessum sveigjanleika kann að leynast ákveðin hætta; áriðandi er að virða eðlileg mörk – of mikill eftirgefanleiki í einhverjum tilvikum gæti komið í bakið á þessu þýðingarmikla verkefni.

Þetta fyrsta starfsár hefur sýnt hve miklu skilar að stuðla að samheldni innan nemendahópsins og að styðja vel við þá nemendur sem standa höllum fæti. Þá er afar góð hugmynd að bjóða nýnemum upprifjunarnámskeið eins og ákveðið hefur verið að gera nú í upphafi annars starfsárs skólans. Reynslan sýnir líka hve góð námsráðgjöf er þýðingarmikil. Þá skiptir áreiðanlega miklu hve vel stjórnendur og annað starfsfólk hafa náð saman.

Áriðandi er að leita leiða til að styrkja kennarahópinn með svipuðum hætti. Ef við það er miðað að deildin eigi sér nokkra framtíð þarf að byggja upp samheldinn kennarahóp og gefa honum hlutdeild í verkefninu.

Mælt er með því að kennarar hafi fasta viðtalstíma einu sinni í viku.

Bæta þarf nokkuð kennsluáðstæður og má ætla að það verði hægt þegar deildin flytur í ný húsakynni.

Standa þarf vel að verki við misseraskil og gæta þess að nemendur missi ekki fótanna þó áðstæður breytist.

Við skipulag námsins skiptir miklu að leita leiða til að skapa meiri samfellu. Lagt er til að kenna meira í lotum, eins og gert hefur verið í fjarnáminu.

Áriðandi er að skoða hlut stærðfræðinnar. Óhjákvæmilegt er að huga að því að hún skyggði á aðrar greinar. Huga þarf að inntaki og kennsluháttum og að dreifa álaginu betur á námsárið. Gæði kennslunnar ráða þó líklega úrslitum í þessum efnum.

Treysta þarf gæðakerfi í sessi, sbr. áherslur í þessari skýrslu, og fylgja verklagsreglum vel eftir. Áherslu þarf að leggja á reglulega matsfundir með nemendum og kennslukannanir Reynslan sýnir að bág þátttaka nemenda í kennslukönnunum er ekki vandamál, heldur úrlausnarefni.

Skýrsluhöfundur fylgdist með fyrstu brautskráningu deildarinnar 9. ágúst. Létt var yfir athöfninni en hún var engu að síður mjög hátíðleg. Líklega má hafa það til marks um árangur deildarinnar að aldrei hefur undirritaður, sem fylgst hefur með fleiri skólaslitum en hann kann frá að greina, orðið vitni af jafn langvinnu og innilegu lófataki og þegar klappað var fyrir þessum fyrsta hópi sem brautskráðist af **Háskólabrúnni**.

Tilvísanir

Keilir (2007). **Gagnlegar upplýsingar fyrir kennara**. Reykjanesbær: Keilir.

Ingvar Sigurgeirsson (2008, febrúar). **Minnisblað / áfangaskýrsla: Mat á haustmisseri frumgreinadeildar Keilis**. Reykjanesbær: Keilir.